

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf Ísafirði



<b>Dags eftirlits</b>	20.5.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Kr. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	N66 04,183 V23 07,421

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi fannst við eftirlit. Fjórar athugasemdir voru gerðar við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Ný olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði hefur risið og farið var í fyrsta eftirlit á vormánuðum 2014. Starfsleyfið var gefið út 16. október 2012. Starfsleyfið gildir fyrir starfsemi á lóð F á Mávagarði á Ísafirði. Í stöðinni eru 5 olíugeymar sem geta geymt u.þ.b. 4700 m<sup>3</sup> með um 1500 m<sup>3</sup> í stærsta geymi. Geymarnir standa í steinsteyptri mengunarvarnarþró með steinsteyptum botni sem hægt er að tæma um niðurföll í gegnum olíuskilju og áfram út í fráveitukerfi bæjarfélagsins. Til samræmis við ákvæði 3.2 í starfsleyfi skal mæla olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar innan mánaðar frá því stöðin var tekin í notkun.

Fimmtán aðskildar lagnir eru í stöðinni sem allar hafa verið þrýstiprófaðar nema úrgangsolíulögnin sem enn er ekki komin í notkun. Lagnir 400.50.00, 400.70.00, 400.71.00 og 400.76.00 voru allar prófaðar saman. 400.60.00 og 400.63.00 prófaðar saman. Lagnir 400.61.00, 400.62.00, 400.64.00 og 400.68.00 allar prófaðar saman. Lagnir 400.66.00, 400.67.00 og 400.75.00 prófaðar saman. Lögn 400.65.00 var prófuð ein sér. Enn er verið að ljúka gerð úrgangsolíulagnar, 400.96.00 og skal þrýstiprófa hana að því loknu.

Rekstrarhandbók er í stöðinni og þar til gerð skráningarblöð. Afrit af mánaðablöðum skulu vera til staðar í olíubirgðarstöðinni, aðgengileg eftirlitsaðilum.

Til samræmis við ákvæði 1.5 í starfsleyfi skal afhenda Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarðasvæðis afrit af fyrirframgerðri áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar.

Viðbragðsáætlun skal unnin á grundvelli áhættumats fyrir stöðina sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I B í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfsemi fyrir umhverfi hafs og strandar.

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfsemi.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfsemi.
3. Fjarlægð starfsemi frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Því þarf að uppfæra /endurskoða viðbragðsáætlun félagsins vegna breytinga á Ísafirði.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Enn er frágangi ekki lokið en ekkert það eftir sem eykur áhættu á mengunaráhappi í stöðinni. Stefnt er á frágang og málun geyma í sumar.

## ATHUGASEMDIR

1. Til samræmis við ákvæði 3.2 í starfsleyfi skal mæla olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar innan mánaðar frá því stöðin var tekin í notkun.
2. Enn er verið að ljúka gerð úrgangsolíulagnar, 400.96.00 og skal þrýstiprófa hana að því loknu.
3. Til samræmis við ákvæði 1.5 í starfsleyfi skal afhenda Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarðasvæðis afrit af fyrirframgerðri áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar.
4. Til samræmis við ákvæði 4.4 í starfsleyfi skal uppfæra /endurskoða viðbragðsáætlun félagsins vegna breytinga á Ísafirði.

Reykjavík, 18.06.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.